



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2024

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þskj. 1367, 922. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Telur skrifstofan brýna þörf á endurskoðun laganna og að ýmis ákvæði þeirra þarfnast fyllingar og skýringar. Nauðsynlegt er að styrkja réttarvernd fatlaðs fólks og tryggja því viðeigandi stuðning í samræmi við ákvæði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) sem lögfesta á á yfirstandandi kjörtímabili samkvæmt stjórnarsáttmála.

MRSÍ fagnar því að horft hafi verið til fyrri athugasemda skrifstofunnar, ÖBÍ, Þroskahjálpar og fleiri aðila við gerð frumvarpsins.

MRSÍ gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

d- og e. liðir 2.gr.

Skrifstofan gerir athugasemd við að hlutverki réttindagæslumanna séu settar svo þröngar skorður og að ákveðið misræmi sé fyrir hendi á milli 1. og 2. mgr 6. gr. laganna sem breytingin sé ekki til þess fallin að bæta úr. Ljóst er að fatlað fólk, líkt og ófatlað fólk, getur þurft að leita réttar síns til ýmissa stjórnvalda annarra en þeirra sem falla undir úrskurðarnefnd velferðarmála eða Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Til að Ísland uppfylli skyldur sínar samkvæmt 12. gr. SRFF telur Mannréttindaskrifstofan mikilvægt að réttindagæsla fatlaðs fólks geti leiðbeint og, eftir atvikum, aðstoðað fatlað fólk við að tryggja lögvarin réttindi sín án þess að því séu settar skorður.

Jafnframt setur skrifstofan spurningu við að felldur sé niður 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., líkt og ætla má af frumvarpinu að ætlunin sé að gera. Með þessari breytingu tapast sambengi varðandi það hlutverk réttargæslumanns að koma almennum ábendingum um úrbætur á framfæri, þegar mál er þess eðlis. Jafnframt má þó vera ljóst að þörfin fyrir slíkar ábendingar kann að varða önnur stjórnvöld en þau sem falla undir úrskurðarnefnd velferðarmála eða Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Skrifstofan telur ekki þörf á að í lögnum sé sérstaklega kveðið á um að réttindagæslumaður endurskoði ekki ákvarðanir stjórnvalda í einstökum málum.

3. og 4. gr.

Skrifstofan fagnar því að koma eigi á skipulegu eftirliti með persónulegum talsmönnum, og að í lögnum séu gerðar ákveðnar kröfur um mat á hæfi þeirra. Tekur skrifstofan þó undir ummæli í umsögnum Halldórs Gunnarssonar og Þroskahjálpar um mikilvægi þess að slíkt eftirlit sé virkt og mikilvægi þess að sýslumenn og starfsfólk sýslumannsembættta fái viðeigandi fræðslu um aðstæður, þarfir og réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t. til viðeigandi aðlögunar og hvað í því felst.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Telur skrifstofan jafnframt ástæðu til að áréttta þörf á virkara eftirliti með lögráðamönnum og persónulegum talsmönnum en nú er með lögráðamönnum, einkum í tilvikum þar sem hagsmunir eru til staðar sem ekki samræmast hlutverki lögráðamanns eða fjárhaldsmanns, til dæmis ef einkaerfingi fjárræðis- eða lögræðissvipts einstaklings gegnir hlutverki lögráðamanns hans.

Með hliðsjón af sjálfsákvörðunarrétti fatlaðs fólks og því hlutverki sem persónulegum talsmanni er ætlað telur skrifstofan að rétt sé að í 8. gr. laganna (sbr. 4. gr. frumvarpsins) sé kveðið enn skýrar á um rétt fatlaðs einstaklings til að rifta samkomulagi við persónulegan talsmann. Leggur skrifstofan því til eftirfarandi breytingu (breytingar feitletraðar):

8. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður skal hafa eftirlit með framkvæmd samkomulags milli fatlaðs einstaklings og persónulegs talsmanns og halda skrá um persónulega talsmenn. Réttindagæslumenn skulu hafa aðgang að skrá sýslumanns yfir persónulega talsmenn.

Hinn fatlaði einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað umboð persónulegs talsmanns og skal réttindagæslumaður aðstoða hann við það óski hann eftir því. Sýslumaður **skal fella** úr gildi samkomulag milli fatlaðs einstaklings og persónulegs talsmanns, komi fram ósk þess efnis frá öðrum hvorum eða báðum aðilum samkomulagsins. **Jafnframt getur sýslumaður fellt slíkt samkomulag úr gildi** ef beiðni þar um berst frá réttindagæslumanni eða eftir atvikum lögráðamanni. Sýslumaður getur einnig fellt úr gildi samkomulag telji hann persónulegan talsmann ekki gegna skyldum sínum gagnvart hinum fatlaða einstaklingi eða uppfylli ekki lengur skilyrði skv. 2. mgr. 7. gr.

MRSÍ fagnar því að gera eigi nauðsynlegar úrbætur á lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks og að skipulag og verkferlar í störfum réttindagæslumanna fatlaðs fólks verði skýrt en skrifstofan ítrekar mikilvægi þess að hlutverk og tilgangur réttindagæslu fatlaðs fólks sé að tryggja að fatlað fólk hafi sömu möguleika á að nýta gerhæfi sitt eins og annað fólk, sbr. 12. gr. SRFF.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri